



Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Samráðsgátt stjórnvalda

Reykjavík, 3. maí 2021

Efni: Grænbók um net- og upplýsingaöryggi, mál nr. 102/2021

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) hafa kynnt sér Grænbók til samráðs vegna mótunar nýrrar stefnu um net- og upplýsingaöryggi sem er nú til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda. SFF fagna því sérstaklega að stjórnvöld hyggist setja sér þá metnaðarfullu stefnu að efling net- og upplýsingaöryggismála verði eitt af forgangsmálum stjórnvalda og þannig verði lagður grunnur að því að Ísland verði á meðal nágrannaþjóða sinna á sviðinu. Þetta rímar vel við markmið SFF og fögnum við því að fyrstu skrefin í þessa átt hafi verið tekin.

Líkt og kemur fram í Grænbókinni gerir Alþjóðafjarskiptasambandið reglulega úttektir á stöðu netöryggis ríkja út frá matskerfi sem sambandið hefur útbúið. Í síðustu úttekt sem birt var árið 2018 var Ísland í 42. sæti af 46 ríkjum í Evrópu og í 87. sæti á heimsvísu af 175 ríkjum. Ljóst er að þessi niðurstaða er óviðunandi og afar brýnt að búið sé þannig um hnútana að við séum á pari við þær þjóðir sem fremst standa í netöryggismálum.

Eitt af þeim brýnu úrlausnarmálum sem við stöndum frammi fyrir í þessum efnunum er skýr hlutverkaskipti og öflug samhæfing. Því er mikilvægt að hlutverkaskipting sé skýr svo að allir hlutaðeigandi séu fyllilega meðvitaðir um til hvers er ætlast af þeim og hverju þeir mega ætlast af öðrum hlutaðeigandi.

Hér á landi starfar CERT-ÍS netöryggissveit á vegum Póst- og fjarskiptastofnunar. Hún starfar samkvæmt 47 gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 og reglugerð nr. 475/2013. Sveitin hóf formlega starfsemi árið 2013. SFF vilja nota þetta tækifæri til að benda á nauðsyn þess að CERT-ÍS skilgreini betur þjónustuhlutverk sitt. Það virðist ekki nógu skýrt til hvers má ætlast af netöryggissveitinni, hvers konar málum skuli beina til hennar og eftir hvaða ferlum. Þá er einnig mikilvægt að sveitinni séu tryggðar þær valdheimildir sem þörf er á til að bregðast við þeim fjölbreyttu verkefnum og ógnum upp koma í þessum málaflokki. Þó skal tekið fram að SFF hafa tekið eftir auknum samstarfsvilja sveitarinnar að undanfögnu og



er því fagnað.

Netöryggismál eru afar kvikur málaflokkur og þurfa stjórnvöld, fyrirtæki, stofnanir og einstaklingar að vera tilbúin að bregðast mjög hratt við þeim áskorunum sem upp koma. Hvort sem um er að ræða breytingar á ferlum, tæknilegum vörnum, eftirliti, viðbragðsáætlunum eða öðru sem mikilvægt er til að takast á við upptakur tengdar upplýsingaöryggi. Því er mikilvægt að viðbragðsflýttir sé tryggður ýmist til að bregðast hratt við yfirvofandi vá og/eða yfirstandandi árásum.

SFF leggja áherslu á að verkefnið verði unnið hratt og örugglega og að bætt verði úr þeirri stöðu sem upp er komin. Staðreyndin er sú að Ísland er orðið eftirbátur þeirra þjóða sem við berum okkur iðulega saman við í net- og upplýsingaöryggismálum. Úr því þarf að bæta sem allra fyrst.

F.h. SFF

Elvar Orri Hreinsson, sérfræðingur í greiningu og upplýsingamiðlun